



Hildur Sif Hreinsdóttir
Langholtsvegi 88
104 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 21. nóvember 2017
Tilv.: UMH17070058/0217-07

Hér með eruð þér skipaðar í starfshóp sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um hvernig bæta megi umhverfi endurvinnslu og skilagjaldi á umbúðir fyrir drykkjarvörur og setja fram aðgerðaráætlun um verkefnið. Starfshópurinn skal m.a. hafa hliðsjón af nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar frá maí 2017 vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (þingskj. 805 í 333. máli á 146. löggjafarþingi) og stefnu ráðherra um úrgangsförvarnir Saman gegn sóun. Starfshópurinn skal jafnframt taka til skoðunar álagningu og innheimtu skilagjalds, m.a. í samhengi við fríhafnarsvæði og frílagera, kanna hvort hægt sé að bæta eftirlit með skilakerfi drykkjarvöruumbúða og einfalda það, skoða hvort ástæða sé til að grípa til ráðstafana vegna óendurvinnanlegra umbúða og umbúða sem flókið er að endurnýta og kanna hvort fýsilegt sé að fjölga drykkjarvöruumbúðum í kerfinu. Starfshópurinn skal einnig skoða hvernig hægt sé að stuðla að notkun fjölnota umbúða.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

Laufey Helga Guðmundsdóttir, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Bryndís Skúladóttir, sviðsstjóri, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins,
Guðmundur Bjarki Ingvarsson, sérfræðingur, tilnefndur af Umhverfisstofnun,
Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Endurvinnslunni hf.,
Hildur Hreinsdóttir, tilnefnd af frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar,
Hörður Davíð Harðarson, yfirtollvörður, tilnefndur af Tollstjóra.

Starfshópurinn skal skila tillögum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir 1. júní 2018.

Tilnefningaraðilar bera sjálfir kostnað vegna setu fulltrúa sinna í starfshópnum.


Björt Ólafsdóttir


Sigríður Auður Arnardóttir

Afrit: Hólmfríður Arnardóttir